

# LÆKNABLAÐIÐ

GEFIÐ ÚT AF LÆKNAFÉLAGI REYKJAVÍKUR

Aðalritstjóri: ÓLAFUR GEIRSSON. Meðritstjórar: BJARNI  
KONRÁÐSSON og JÚLÍUS SIGURJÓNSSON.

35. árg. Reykjavík 1950 5.—6. tbl.

---

---

## Akureyrarveikin 1948-49.

*(Björn Sigurðsson, Júlíus Sigurjónsson, Jón Hj. Sigurðsson, Jóhann Þorkelsson og Kjartan Guðmundsson).*

Faraldurinn mikli, sem gekk á Akureyri fyrri hluta vetrar 1948—49, var í byrjun talinn mænu sótt og að því er virtist með gildum rökum. En er á leið þótti veikin í ýmsu haga sér allólíkt því, sem vænta mátti af mænu sótt og var því oft kölluð „Akureyrarveikin“, og er því nafni haldið hér.

Eins og nærri má geta var annríki læknanna á Akureyri mikið, nokkrir þeirra veiktust og gátu ekki sinnt störfum um lengri eða skemmri tíma. Landlæknir gerði því ráðstafanir til að fá héraðslækninum aðstoð við athuganir á faraldrinum. Í lok nóvember fór einn okkar (J. Hj. S.) til Akureyrar og skoðaði hann 25 sjúklinga meðan hann dvaldist þar. Í janúar fóru B. S. og J. S. norður til þess einkum að afla yfirlits yfir háttalag faraldursins

og ná sýnishornum frá sjúklingum til virusrannsókna. Loks fór svo K. G. norður í september 1949, til þess að skoða sjúklinga, sem enn kvörtuðu um eftirstöðvar af veikinni.

*Yfirferð faraldursins og háttalag.*

Þ. 25. sept. veiktist 18 ára piltur á Svalbarðsströnd, 16. okt. 21 árs stúlka á Akureyri og 19. okt. 18 ára piltur í Arnarneshreppi. Öll virtust þau hafa greinilega mænu sótt, enda fengu þau miklar lamanir. Ekki varð rakið neitt samband á milli þeirra. Enn voru skráðir 4 sjúkl. í okt., 3 á Akureyri og 1 annars staðar í héraðinu, en aðeins einn þeirra fékk lítills háttar lömun. Síðan er fjöldi skráðra sjúklinga